



5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2013 - 2014 haldinn föstudaginn 7.mars 2014 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar og Sigrún Gísladóttir. Fundinn sátu einnig Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara, Agnes Alda Magnúsdóttir fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 4. fundar skólanefndar á skólaárinu hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Fjármál skólans

Rekstraryfirlit var sent fundarmönnum fyrir fund. Rekstur síðasta árs var í samræmi við fjárhagsáætlun sem verður að teljast ásætlanlegt í því umhverfi sem skólinn er í.

Rekstur skólans nú í ársbyrjun er að mestu samkvæmt áætlun en þó er ástæða til að hafa áhyggjur af launakostnaði. Enn sem fyrr skiptir þar mestu að skólinn fær veikindi starfsmanna ekki bætt.

2. Kjaradeilur

Óvissan um framhald kjaraviðræðna framhaldsskólakennara við ríkið er mikil. Deiluaðilar funda stíft en óvissan er farin að hafa neikvæð áhrif á nemendur. Miklu máli skiptir að nemendur missi ekki móðinn.

Skólanefndin hefur áhyggjur af stöðu mála og hvetur deiluaðila til að ná samningum sem fyrst. Mikilvægt er að upplýsingastreymi til nemenda og forráðamanna þeirra verði tryggt.

3. Stytting framhaldsskólans

Menntamálaráðherra mætti á fund Félags íslenskra framhaldsskóla sem haldinn var í FG. Þar kynnti hann þau áform sín að stytta framhaldsskólann.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl.13:15.

Næsti fundur: 4.apríl. Fundartími verður endanlega ákveðinn þegar ljóst verður hvort af verkfalli framhaldsskólakennara verður.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.